

## Áætlun um aðgerðir til úrbóta á skólastarfi Seyðisfjarðarskóla í ljósi úttektar á skólanum vorið 2012.

Verkefni	Aðgerðir/viðbrögð	Ábyrgð/ Vinna	Lokið
Skólastjóri hafi faglega forystu um endurskoðun á stefnu skólans og skólanámskrá út frá aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Allir aðilar skólasamfélagsins komi þar að.	Stefna skólans og skólanámskrá verði endurskoðuð með tilliti ábendinga í úttekt, skólastefnu sveitarfélagsins og breytinga á aðalnámskrá. Þessi vinna er þegar hafin og verður framhaldið í vetur. Fjallað verður um skýrsluna og nýja aðalnámskrá á starfsmannafundum og sérstökum starfsdögum auk þess sem unnið verður með hana í skólaráði. Starfsfólk er að yfirfara handbók/starfsáætlun skólans með ábendingar úttektaraðila í huga sem og ákvæði í nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur/ stjórnendur, starfsfólk, skólaráð, nemendaráð.	Sept. 2014
Æskilegt er að skólinn sinni í kjölfarið frekari skólaþróun og móti áætlanir um viðfangsefni sem falli að heildarstefnu skólans sbr. aðalnámskrá.192	Ákveðnar hugmyndir eru uppi meðal stjórenda og starfsfólks um skólaþróunarverkefni sem aðstæður skólans kalla á. Samfara slíku skólaþróuna verkefni á sér væntanlega stað mikil endurmenn- tun. Undirbúningur hefst í haust með umræðum á starfsmannafundum og öðrum vinnufundum og hugsanlega fræðsluernindi. Síðar í vetur gætu komið til námskeið í tengslum við verkefnið. Verkefnið verður kortlagt í vetur og sótt um styrk í Þróunarsjóð. Stefnt að því að hefja þróunar- verkefnið formlega næsta vetur.	Stjórnendur/ stjórnendur, starfsfólk, skólaráð, nemendaráð.	Sept. 2014
Innleiða þarf heildstætt innra mat skólans og tryggja að það nái til alls skólans og aðila skólasamfélagsins sbr. viðmið aðalnámskrár.193	Áætlun um innra mat á skólastarfinu verði endur- skoðuð á haustdögum og tryggt að sú áætlun nái fram að ganga. Skoðað verði sérstaklega hvað verkfæri eru í boði til að auðvelda framkvæmdina og leitað leiða til að útvega þau. Samantektir og	Stjórnendur	Des. 2012

	skýrslur um niðurstöður gerðar jafnaðarlega og þær birtar á heimasíðu skólans og kynntar skólaráði og fræðslumálaráði.		
Rýna þarf enn frekar í niðurstöður samræmdra prófa og stjórnendur að fylgja betur eftir aðgerðum í kjölfar þeirra.194	Niðurstöður samræmdra prófa verði teknar til sérstakrar skoðunar og það tryggt að þær upplýsingar sem prófin gefa um námslega stöðu nemenda verði nýttar við skipulagningu kennslu í framhaldinu.	Stjórnendur/Fag- og árgangastjórar	Des. 2012
Greina þarf kennsluhætti í stærðfræði á mið- og unglingastigi m.t.t. mikils munar á frammistöðu nemenda í íslensku og stærðfræði á samræmdum prófum.	Í rúmt ár hefur verið í gangi vinna við endurskoðun og samræmingu á stærðfræðikennslu í skólanum. Mikilvægt er að þeirri vinnu verði viðhaldið og fylgst með að breytingar sem fyrirhugaðar eru nái fram að ganga.	Stjórnendur/Fag- og árgangastjórar, stærðfræðikennarar.	Des. 2012
Auka þarf fjölbreytni í kennsluháttum á mið- og unglingastigi sbr. aðalnámskrá og skólafélag sveitarfélags.195	Fag- og árgangafundir verði nýttir meira til samstarfs kennara við skipulagningu kennslu með það fyrir augum að auka fjölbreytni og að kennslan taki mið af grunnþáttum menntunar sem fjallað er um í aðalnámskrá. Gera má ráð fyrir að vinna við þróunarverkefnið sem er í farvatninu leiði til breyttra kennsluhátta. Í haust var tölvubúnaður sem ætlaður er til kennslu enndurnýjaður og sett ný tölva og skjávarpa í allar almennar kennslustofur. Þetta ætti að leiða til fjölbreyttari og nútímalegri kennsluhátta.	Stjórnendur/Fag- og árgangastjórar	Júní 2013
Leita þarf leiða til að laða að skólanum kennara í list- og verkgreinum svo uppfylla megi betur viðmið	Skólinn hefur verið í samstarfi við Menningarmiðstöðina Skaftfell um kennslu í myndmennt á unglingastigi. Reynt verði að auka	Stjórnendur	Júní 2013

aðalnámskrár og einn af grunnþáttum hennar, sköpun.	slíkt samstarf við utanaðkomandi aðila til að ná í fólk með sérfræði þekkingu í list- og verkgreinum. Við nýráðningu á starfsfólki verði sérstaklega horft til þessara greina.		
Kanna þarf betur hvernig heimanámi er háttað svo og viðhorf foreldra sem hluta af sjálfsmati skólans og skoða leiðir til úrbóta þannig að farið sé að stefnu skólans.196	Fyrirkomulag heimanáms verði tekið til sérstakrar skoðunar á fag- og árgangafundum starfsmanna. Þar verði leitast við að samræma áherslur og laga það sem betur má fara. Viðhorf foreldra og nemenda til heimanáms verði kannað í tengslum við innra mat.	Stjórnendur/Fag- og árgangastjórar	Júní 2013
Mikilvægt er að skólinn hafi eigin símenntunaráætlun sem sé unnin út frá þörfum skólans í heild og einstakra starfsmanna. Til að koma til móts við þarfir fyrir aukna endurmenntun mætti auka samstarf við aðra skóla t.d. í þróunarverkefnum og m.a. nýta upplýsingatækni í því skyni.	Upplýsingar um menntun starfsfólks og þörf fyrir endurmenntun, sem safnað var við innra mat fyrir nokkrum árum verði uppfærðar og yfirlit yfir stöðuna gert í kjölfarið. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að mikilli endurmenntun samfara fyrirhuguðu þróunarverkni. Unnin verði áætlun um framkvæmd endurmenntunar og stjórnendur leiti leiða til að tryggja frármagn og koma áætluninni í framkvæmd.	Stjórnendur	Júní 2013
Virka þarf skólaráð betur, sérstaklega fulltrúa nemenda og foreldra, og kynna fulltrúum betur hlutverk sitt.	Síðastliðinn vetur var starfi Skólaráðs komið í fastari skorður og verður því haldið áfram í vetur. Fulltrúum í skólaráði verði kynnt hlutverk sitt í upphafi hvers skólaárs og hlutverk þess kynnt í starfsáætlun skólans. Sérstaklega verður reynt að tryggja aðkomu þess að þeirri vinnu sem framundan er við endurskoðun á skólanámskrá og ýmsum þáttum skólastarfsins.	Stjórnendur, stjórn foreldrafélags	Des. 2012

<p>Nemendur mætti virkja betur í ákvarðanatöku sbr. einn af grunnþáttum aðalnámskrár, lýðræði. Þá þarf aðstoð starfsmanna skólans svo að nemendafélagið geti uppfyllt skyldur sínar sbr. lög um grunnskóla.</p>	<p>Við endurskoðun á skólastarfinu og í þróunarstarfi verði leitað leiða til að efla nemendalýðræði. Í fyrirhuguðu þróunarverkefni verði stefnt á breytta kennsluhætti sem stuðla að auknu lýðræði í skólastarfinu. Það felur m.a. í sér að nemendur verða virkari í ákvarðanatöku og ættu um leið að verða ábyrgari í eigin námi. Hlutverk nemendaráðs verði betur skilgreint og um leið tryggt að ráðið fái aðstoð frá starfsfólki við að uppfylla skyldur sínar. Um leið verði starfsemi félagsmiðstöðvar tekin til endurskoðunar og hlutverk skólans í félags- og tómstundastarfi barna betur skilgreint og skólanum um leið tryggt fjármagn til að sinna því.</p>	<p>Stjórnendur/ stjórnendur, starfsfólk, skólaráð, nemendaráð.</p>	<p>Sept. 2014</p>
<p>Þar sem fram kom að sumir starfsmenn skólans óska eftir aukinni eftirfylgni með greiningu nemenda og fræðslu þar að lútandi frá Skólaskrifstofu Austurlands er mikilvægt að skólinn óski eftir því að skrifstofan kanni betur þörf fyrir eftirfylgni.</p>	<p>Farið verður yfir fyrirkomulag greininga á vegum skólaskrifstofunnar og hvernig tryggja megi að nauðsynleg eftirfylgni fari fram. Sérstaklega verði farið í saumana á því hvert er hlutverk hverra í þessu samhengi og það sett fram með skýrari hætti í skólanámskrá. Kallað verður eftir aðstoð skólaskrifstofu við þessa vinnu.</p>	<p>Stjórnendur, skólaskrifstofa</p>	<p>Júní 2013</p>